

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, Höfðatorg.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. febrúar 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að landnotkun á Höfðatorgi, syðsta hluta reits sem afmarkast af Borgartúni, Höfðatúni, Skúlagötu og Skúlatúni, breytist úr miðsvæði í blandaða landnotkun miðsvæðis og íbúðarsvæðis.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 6. febrúar 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Sigrún Ágústsdóttir.